



Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 15. maí 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, með síðari breytingum (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu), 685. mál.

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 37/1944, með síðari breytingum (notkun, fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu), sbr. þingskjal nr. 1159. Samtök iðnaðarins (SI) fagna því markmiði frumvarpsins að rýmka heimildir til notkunar á íslenska þjóðfánanum við markaðssetningu á vöru og þjónustu. SI gera þó eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

1. Í frumvarpinu kemur fram að vara telst íslensk að uppruna ef hún er framleidd hér á landi úr innlendu hráefni að uppistöðu til. SI telja óheppilegt að skilgreina uppruna á annan hátt en gert er í upprunareglum EES. SI leggja til að almenna reglan verði sú að vara teljist íslensk að uppruna ef hún uppfyllir skilyrði EES um uppruna en það verði tekið skýrt fram ef víkja eigi frá þeim reglum, annað hvort til að rýmka þær (t.d. fyrir hönnunarvöru) eða herða (t.d. fyrir vörur framleiddar úr landbúnaðarhráefnum sem framleiddar eru á Íslandi). Mikilvægt er til að mynda að veitt sé nægjanlegt svigrúm til notkunar á fánanum fyrir framleiðendur íslenskra matvara sem alfarið eru framleiddar úr erlendum hráefnum, m.a. sökum þess að samsvarandi íslensk hráefni eru ekki fánaleg. Dæmi um þetta er m.a. íslenskt sælgæti, brauð, kex, kökur og fleira, sem eru alíslenskt í hugum neytenda og eiga í harðri samkeppni við innfluttar vörur. Þessar vörur væru alla jafna taldar upprunnar hérlendis en uppfylltu ekki þau skilyrði fyrirbyggjandi frumvarps að geta borið íslenska fánann – það er ótækt.
2. SI sjá engin rök fyrir því að hafa sérstaka reglu um að vara skapi sér hefð til að teljast íslensk, hafi hún verið hér á markaði í tiltekinn tíma. Það er einungis til þess fallið að vinna gegn eðlilegri vöruþróun sem verður að eiga sér stað, sér í lagi þar sem líftími vöru, ekki síst matvöru, á markaði er almennt takmarkaður.

Samtök iðnaðarins taka heils hugar undir að forsenda fyrir notkun íslenska fánans við markaðssetningu sé að það sé ekki gert á röngum forsendum eða á villandi máta. Það er þó jafnframt mat samtakanna að reglurnar um notkun fánans eigi að vera skýrar og í samræmi við það regluverk sem nú þegar er fyrir hendi, m.a. á sviði Evrópuréttar. Er það til þess fallið að skapa skýrari forsendur fyrir notkun fánans við markaðssetningu sem er bæði til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Ragnheiður Héðinsdóttir,
Forstöðumaður matvælasviðs

Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur